

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið

Reykjavík, 10. október 2025.

Umsögn Mannréttindastofnunar Íslands um drög að frumvarpi til laga um réttindavernd fatlaðs fólks.

Mannréttindastofnun Íslands vísar til fyrri samskipta vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011. Nú stendur til að sett verði ný lög, um réttindavernd fatlaðs fólks. Mannréttindastofnun Íslands fagnar því og þakkar ráðuneytinu gott samstarf við undirbúning frumvarpsins.

Í ljósi þess að réttindagæslumenn fatlaðs fólks heyra nú undir Mannréttindastofnun Íslands, sem er sjálfstæð eftirlitsstofnun og starfar á vegum Alþingis, er í frumvarpsdrögum skerpt á því að hlutverk þeirra feli fyrst og fremst í sér eftirlit með mannréttindum fatlaðs fólks. Stofnunin lýsir yfir ánægju með þær breytingar sem lagðar eru til í 3. kafla frumvarpsins um réttindagæsluna, enda var kaflinn unninn í samráði við stofnunina. Stofnunin vill þó benda á að „Íslands“ hefur fallið út í upphafi 1. mgr. 3. gr. þeirra.

Hvað varðar efni frumvarpsins að öðru leyti vill Mannréttindastofnun Íslands koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Réttindavakt

Í fyrsta lagi veltir stofnunin fyrir sér þeim áformum að leggja niður réttindavakt ráðuneytisins, sbr. 3. gr. núgildandi laga. Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. SRFF ber ríkinu að tilnefna einn eða fleiri aðila innan stjórnáráðs sem annast eftirlit með innleiðingu samningsins (svokallaðan samræmingaraðila eða „focal point“). Í skýrslu sinni til nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks frá árinu 2020 er réttindavaktin tekin sem dæmi um aðila innan stjórnáráðs sem sinnir þessu hlutverk. Enn fremur er vísað til hennar í þessu sambandi í athugasemdum með frumvarpi til laga um lögfestingu samningsins, sem félags- og húsnæðismálaráðherra lagði nýlega fram á Alþingi. Mannréttindastofnun Íslands telur því ekki rétt að leggja niður réttindavaktina

nema tryggt sé að einhver önnur eining eða einingar innan stjórnslunnar verði tilnefndar sem samræmingaraðili í skilningi samningsins.

Persónulegir talsmenn og umboðsmenn

Í öðru lagi fagnar stofnunin því að stefnt sé að því að skýra ákvæði um persónulega talsmenn og hlutverk þeirra við að aðstoða fatlað fólk við gæslu og vernd hagsmuna sinna. Stofnunin styður þá áherslu sem lögð er á fræðslu til persónulegra talsmanna í frumvarpinu. Sérstaklega er mikilvægt að persónulegir talsmenn skilji hlutverk sitt og virði sjálfsákvörðunarrétt fatlaðs fólks, en það getur til að mynda verið flókið þegar náninn ættingi fatlaðs einstaklings tekur það hlutverk að sér.

Mannréttindastofnun telur jákvætt að í frumvarpinu sé að finna nýtt ákvæði sem áréttar möguleika fatlaðs fólks til að velja sér umboðsmann til að gæta afmarkaðra hagsmuna. Ef til vill mætti þó skerpa á muninum á hlutverki talsmanns annars vegar og umboðsmanns hins vegar í viðeigandi ákvæðum.

Mannréttindastofnun fagnar því sérstaklega að frumvarpið auki möguleika fatlaðs fólks til að fá persónulegan talsmann eða umboðsmann, jafnvel í þeim tilvikum sem erfitt er að staðfesta vilja einstaklings. Í þessu sambandi mætti þó árétta í athugasemdum við greinina að þegar til þess kemur að sýslumaður þurfi að leita til tveggja aðila til að staðfesta vilja fatlaðs einstaklings, skuli mat sýslumanns taka mið af aðstæðum hverju sinni og að leitast skuli við að afla álits einstaklinga sem tengjast viðkomandi með ólíkum hætti, til að takmarka möguleika á misnotkun.

Ljóst er að sumir einstaklingar hafa áhuga og þörf fyrir að fá persónulegan talsmann, en hafa ekki kost á því, til að mynda vegna skorts á tengslaneti. Í frumvarpinu er, líkt og í nógildandi lögum, gert ráð fyrir því að ráðuneytinu sé heimilt að gera samninga við hagsmunasamtök fatlaðs fólks um milligöngu um að útvega persónulega talsmenn. Sú heimild virðist hins vegar ekki vera nýtt í framkvæmd. Í athugasemdum með frumvarpinu er að finna takmarkaðar og jafnvel misvísandi útskýringar á umræddri heimild og er hún ekki meðal þeirra atriða sem skýra skal nánar í reglugerð samkvæmt 13. gr., en vikið er að henni í athugasemdum við 1. tölul. þeirrar greinar þar sem fjallað er um aðstoð sem sýslumanni er ætlað að veita. Telur stofnunin mikilvægt að skýra þetta nánar og að leitast verði við að tryggja fötluðu fólki viðeigandi aðstoð við að finna persónulegan talsmann.

Þó að lagðar séu til jákvæðar breytingar í frumvarpinu þegar kemur að persónulegum talsmönnum telur Mannréttindastofnun jafnframt brýnt í framhaldi að endurskoða núverandi fyrirkomulag í samhengi við endurskoðun lögræðis laga nr. 71/1997. Mikilvægt er að svigrúm sé til staðar í lögum að tryggja fólki stuðning við ákvarðanatöku, án þess að grípa til sviptingar. Má í því sambandi benda á 3. tölul. 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) um þá skyldu að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk fái þann stuðning sem það þarfnast þegar það nýtir löghæfi sitt.

Nefnd um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar


Í þriðja lagi lýsir Mannréttindastofnun áhyggjum af þeim áformum að færa nefnd um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar undir úrskurðarnefnd velferðarmála. Í því sambandi er mikilvægt að hafa í huga að málin fyrir undanþágunefndinni eru ólík öðrum málum úrskurðarnefndarinnar að því leyti að það eru ekki einstaklingar sem leita sjálfir til nefndarinnar, heldur þjónustuveitendur. Oftar en ekki er um að ræða einstaklinga sem eiga erfitt með að gæta réttar síns og er því sérstaklega brýnt að nefndin gæti að réttindum þessara einstaklinga og hafi fullnægjandi sérþekkingu á sviði mannréttinda og málefna fatlaðs fólks. Stofnunin leggur til að í stað þess að færa undanþágunefndina formlega til úrskurðarnefndar velferðarmála verði horft til þess fyrirkomulags sem gildir um kærunefnd jafnréttismála þ.e. nefndin verði áfram sjálfstæð nefnd en með aðsetur hjá úrskurðarnefnd velferðarmála eða í nefndahúsi fyrir stjórnarsýslunefndir þegar því hefur verið komið á fót. Þannig er hægt að tryggja aukna skilvirkni og hagræðingu með samnýtingu á starfsfólki og vinnuaðstöðu. Jafnframt mætti huga að því skerpa á þeirri málsmeðferð sem nefndin hefur þegar tileinkað sér til að tryggja enn frekar að ávallt sé hugað að réttindum fólks og viðeigandi aðlögun málsmeðferðar. Þannig þarf m.a. að gæta að því að þeir einstaklingar sem eiga í hluti fái ávallt raunverulegt tækifæri á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og tryggja að aðstæður á heimili viðkomandi séu kannaðar.

Lög um meðferð sakamála

Loks fagnar Mannréttindastofnun þeim breytingum sem lagðar eru til á lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008. Að mati stofnunarinnar væri rétt að taka fram að þóknun til réttindagæslunnar, sé hún beðin um að sinna þessu hlutverki, greiðist úr ríkissjóði og þá sérstaklega ef um er að ræða vinnu utan dagvinnutíma. Má til samanburðar benda

á að samkvæmt lögum um meðferð sakamála greiðist þóknun til handa túlki úr ríkissjóði.

Virðingarfyllst,



Margrét María Sigurðardóttir,
framkvæmdastjóri Mannréttindastofnunar Íslands